

Reykjavík 14. ágúst 2018
UST201803-390/R.K.
08.12.01

Birting greinargerðar. Áhrif hugsanlegrar mengunar á umhverfið - kjúklingabú að Jarlsstöðum

Þann 4. júlí var samantekt um álit Umhverfisstofnunar um áhrif hugsanlegrar mengunar alifuglabús (kjúklingabús) að Jarlsstöðum á umhverfið sent til umsagnar viðeigandi aðila. Var þetta gert skv. upplýsingaskildu Umhverfisstofnunar til almennings og viðeigandi aðila sbr. viðauka IV í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunareftirlit. Greinargerð var send til eftirfarandi umsagnaraðila: Skipulagsstofnun, sveitarfélagið Rangárþing ytra, Vinnueftirlitið, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands og rekstraraðila Reykjagarður hf.

Óskaði Umhverfisstofnun umsagna fyrir 19. júlí 2018. Umsagnir bárust frá Reykjagarði hf. (5. júlí 2018, óformleg umsögn í formi ábendingar í tölvupósti), Vinnueftirlitinu (dags. 6. júlí 2018), Skipulagsstofnun (dags. 9. júlí 2018), Heilbrigðiseftirliti Suðurlands (dags. 17. júlí 2018). Engin umsögn barst frá sveitarfélaginu Rangárþing ytra.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir og metið allar umsagnir. Engar efnislegar athugasemdir við greinargerð bárust en fram komu þrjár ábendingar í umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands þar sem leiðrétt var niðurfelling ákvæðis rgl. 941/2002 og hefur verið leiðrétt í greinargerð. Umhverfisstofnun tók þær til greina og lagaði greinargerð út frá þeim ábendingum.

Reykjagarður hf. benti á ruglingslega framsetningu í kafla um loftmengun og lykt. Þ.e. að á Jarlsstöðum sé að hámarki alls 4.800 kg. af ammoníaks útblæstri frá öllum eldishúsunum árlega skv. BAT kröfum. Orðalag var skýrt í eftirfarandi kafla greinargerðar.

Skipulagsstofnun nefndi að ákvörðun um matsskyldu var tilkynnt þann 16. maí 2017 og var að starfsemin þyrfti ekki að gangast undir mat á umhverfisáhrifum.

Vinnueftirlitið tók fram að rekstraraðili þarf að sækja þarf um leyfi til Vinnueftirlitsins fyrir reksti búsins.

Meðfylgjandi má sjá uppfærða greinargerð Umhverfisstofnunar um áhrif hugsanlegrar mengunar frá kjúklingabúi að Jarlsstöðum í Rangárþingi ytra auk allra umsagna sem bárust stofnuninni.

Greinargerð um áhrif hugsanlegrar mengunar frá kjúklingabúi að Jarlsstöðum, Rangáþingi ytra.

Umhverfisáhrif

Í febrúar 2017 fór þá fyrirhuguð starfsemi kjúklingabús að Jarlsstöðum í matsferli og skilaði inn greinargerð tilkynningar framkvæmdar til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu. Umhverfisstofnun veitti umsögn um matsskyldufyrirspurn dags. 10. apríl þar sem stofnunin taldi ekki að starfsemin ætti að vera háð mati. Þann 16. maí 2017 ákvarðaði Skipulagsstofnun að ofangreind framkvæmd væri ekki líklegt til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í greinargerð tillkynningar kjúklingabúsins til matsskyldu kemur fram að „*Svæðið er fremur flatt, gróðursnautt, sandorpið hrauneins og sjá má ámyndum 2og3 sem teknar eru á svæðinu. Svæðið er ekki náttúruverndarsvæði og þar eru engar þekktar fornminjar,*„ (bls. 3).

Yfirlit Umhverfisstofnunar á hugsanlegum áhrifum mengunar eru eftirfarandi:

- **Úrgangur (búfjáraður og dauðir fuglar)**

Áhrif úrgangslosunar/dreifingar á landsvæðis Jarlsstaða og nærliggjandi svæða er útskolun næringarefna, aðallega köfnunarefnis (N) í jarðvegi og út í vatn/grunnvatn. Gæti þetta leitt til ofaugunar næringarefna í viðkomandi viðtaka með tilgreindum neikvæðum áhrifum á lífríki þeirra vatnshlota.

Fóðurnotkun starfseminnar verður 1.200 tonn á ári skv. umsókn rekstraraðila. Auk þess er undir fuglum spænt og er um 28 tonn af honum nýttur árlega og mokaður út við skipti á eldisfugli í húsum. Útmokstur úr eldishúsum eru á 7 vikna fresti skv. greinargerð matsskyldufyrirspurnar og koma u.þ.b. 0,73 kg af hæsnaskít frá hverjum fugli á því tímabili (bls. 5). Líkt og kom fram í umsögn Umhverfisstofnunar um matsskyldufyrirspurn framkvæmdar, dags. 10. apríl 2017, er talið að á búinu muni falla til u.þ.b. 324 tonn af hæsnaskít árlega. Gert er ráð fyrir að hvert tonn af hæsnaskít innihaldi 2,5 kg af köfnunarefni og heildarmagn köfnunarefnis yrði um 810 kg á ári. Samkvæmt viðmiðunareglum er þörf á u.þ.b. 4,8 ha lands til að taka við slíku magni árlega en jörðin Jarlsstaðir er alls 917 ha. Gert hefur verið samkomulag við Landgræðsluna að taka við hæsnaskít frá búinu á tímabilinu 1. nóvember til 15. mars árlega þannig að í nágrenni hæsnabúsins verður einungis dreift um helmingi þess skíts sem til fellur.

Skv. BAT er viðmið köfnunarefnis frá kjúklingi 0,1-0,6 kg N/fuglastæði/ári (tafla 1.1, 2017) sem gera að hámarki 36.000 kg N/stæði/ári í kjúklingabúi að Jarlsstöðum. Viðmiðunargildi um magn næringarefna í hverju tonni búfjáraðurar er 4 kg N per tonn en skv. mælingum Landbúnaðarháskóla Íslands frá árinu 2009 er köfnunarefni í hverju tonni hæsnaskít 2,5 kg vegna uppgufunar á ammoníaki í eldishúsunum. Heildarmagnið er áætlað 810 N kg/ári en í starfsreglum um góða búskaparhætti (2002) er ráðlagt að dreifa ekki meira en 170 kg N/ha/ári. Áburðarþörf ætti í flestum tilvikum ekki að vera meiri en sem nemur 120 – 140 kg N/ha skv. starfsreglum (bls. 9). Ráðgert er að nota hæsnaskítinn sem áburð á jörð Jarlsstaða sem er að mestu lítið gróið sandorpið hraun sem væri hægt að græða upp. Umhverfisstofnun minnir á að í starfsreglum kemur fram

að: „[a]lmennt verður þó að gera ráð fyrir að nýting áburðarefnanna sjálfra sé léleg þegar borið er á ógróið land. Köfnunarefni og kalí skolast burt eða tapast við uppgufun. Fosfórinn binst hins vegar fastur í þeim jarðvegi sem fyrir er“ (bls. 10). Í starfsleyfi rekstraraðila verða ákvæði um hámark næringarefna sem skal dreifa á ógróið land í nágrenni Jarlsstaða í samræmi við við BAT (2017) þauleldis kjúklinga og starfsreglna um góða búskaparhætti (2002) líkt og fram kemur fram í töflu 1.

Tafla 1 ráðlagt magn næringarefna í búfjáraburði kjúklingabús sem dreift er á land, tekið úr starfsreglum um góða búskaparhætti (bls. 10, 2002)

	Ráðl. magn tonn/ha	Nýtanleg efni/kg			Hlutfall af þörf, %		
		N	P	K	N	P	K
Fugladrit, þurrt	10	40	60	70	35	300	100

Verður úrgangurinn frá fuglunum meðhöndlaður skv. reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003, reglugerð um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri nr. 804/1999 og skilmálum í deiliskipulagi auk regla um góða búskaparhætti. Ef ekki er hægt að dreifa skít beint á landsvæði verður hann geymdur í hauggeymslu skv. framangreindri reglugerð nr. 804/1999.

Skv. 14. gr. reglugerðar nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri er fjallað um starfsreglur um góða búskaparhætti sem hafa það að markmiði að draga úr nítatmengun og þar sem tekið er tillit til ólíkra aðstæðna. Í þeim (2002) segir: „Hvað varðar búfjáraburð, skiptir einnig máli hvort honum er dreift á yfirborðið eða hann er plægður niður. Einkum er hættu á tapi frá búfjáraburði ef honum er dreift á yfirborð og á frosna jörð, einkum á hallandi landi. Hættu á uppgufun ammoníaks er mest við yfirborðsdreifingu í sólskini og hlýju veðri. Búfjáraburður getur einnig borist frá haughúsum eða öðrum geymslustöðum í vatn með yfirborðsrennsli. Í þeim tilvikum eru haughús oft of lítil eða ekki nógu þétt“ (bls. 6). Skal því varast að hæsnaskít verði dreift við þær aðstæður sem lágmarka hættu á útskolun næringarefna. Líkt og áður sagði er rekstraraðili með samkomulag við Landgræðslu ríkisins um að taka á móti búfjáraburði frá búinu að Jarlsstöðum á því tímabili sem ekki er hægt að dreifa því á nærliggjandi svæði, þ.e. 1. nóvember – 15. mars ár hvert líkt og hún hefur tekið á móti frá starfsemi rekstraraðila á Ásmundarstöðum. Settir hafa verið eftirfarandi skilmálar um nýtingu úrgangsins á jörðinni í deiliskipulagi:

*Rekstraraðili kjúklingabúsins skal vinna áætlun um nýtingu áburðar á jörðinni til 5 ára í senn í samvinnu við Landgræðslu ríkisins og Heilbrigðis-
eftirlits Suðurlands. Fordast ber að dreifa á svæði þar sem jarðvegisdýpt nær ekki 30 cm og sprungur eru í berggrunninum. Einnig skal ekki dreifa áburði nær vatnsbólum en 50 m og ekki nær sumarhúsabyggð eða íbúðarhúsum en 300 m.*

Auk þess verða ákvæði um aðferðir við dreifingu í starfsleyfi Umhverfisstofnunar í samræmi við BAT (2017) þauleldis kjúklinga, í þeim tilgangi að lágmarka áhrif dreifingar á umhverfið og á nágrenna kjúklingabús.

Dauðum fuglum verður komið fyrir í gám og síðan flutt til förgunar (urðunar) hjá viðurkendum aðila á Strönd skv. starfsleyfisumsókn rekstraraðila. Ef sýking kemur upp hjá fugli þá tekur Matvælastofun við förgun fuglanna.

- **Fráveita og vatnsverndarsvæði**

Möguleg áhrif fráveitu frá kjúklingubúi geta verið ónæg hreinsun næringarefna og losun þeirra í viðtaka með viðaugandi mengun á vatnshlot og möguleg neikvæð áhrif á vatnsverndar-svæði.

Skv. greinargerð matsskyldufyrirspurnar er: „[v]atnsvernd er á hluta jarðarinnar Jarlsstaðir og liggja deiliskipulagsmörk um 1000m frávatnsverndarmörkum“ (bls. 3). Vatnsverndarsvæði liggur inn á suð-vestur hluta lands jarlsstaða auk minna vatnsverndarsvæðis sem liggur á norður hluta landsins skv. deiliskipulagi.

ÍSOR, orkurannsóknarstofnun, gerðu rannsóknir á vatnsverndarsvæði árið 2016. Komst stofnunin að þeirri niðurstöðu að grunnvatni stafi ekki hætta af alifuglabúinu, hvorki vegna dreifingar hæsnaskíts eða mengunar frá hreinsivirki/siturlögn við búið. Umhverfisstofnun telur miðað við magn búfjáraður og stærð landsvæðis sem er til staðar fyrir dreifingu ekki sé hætta á útskolun næringarefna sem leiði til mengunar yfirborðs- eða grunnvatns, ef ekki sé farið yfir viðmið starfsreglna um magn köfnunarefnis á ógróið land og réttum aðferðum beitt við dreifingu.

Frárennsli verður leitt í hreinsivirki og verður frágangur í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 og ákvæði í starfsleyfi skv. greinargerð. Mesta álag á hreinsivirki verður á þeim tímum þegar hús eru þrífni eftir útmokstur. Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu verður tengt tveggja þrepa hreinsun rotþróar og siturbeði. Losun á rotþró ætti vera framkvæmd tvisvar á ári og seyra úr henni komið á viðurkenndan losunarstað. Umhverfisstofnun bendir á 2 m.gr. og 7. m.gr. 9. gr. reglugerðar nr. 789/1999 um fráveitur og skólp og minnir á að rekstraraðila er heimilt að leggja til aðrar lausnir (rotþró með siturbeði) sem viðkomandi heilbrigðisnefnd metur fullnægjandi (a.m.k. tveggja þrepa hreinsun). Áður en heilbrigðisnefnd tekur ákvörðun sína skal hún leita umsagnar Umhverfisstofnunar. Líkt og kom fram í umsögn Umhverfisstofnunar, dags. 10. apríl 2017, telur stofnunin ekki að starfsemi búans sjálfs eða dreifing hæsnaskíts muni hafa neikvæð áhrif á grunnvatn eða vatnsgæði á næstu brunnsvæðum.

- **Loftmengun og lykt**

Fyrirhuguð starfsemi að Jarlsstöðum er fremur þurr (skíturinn þornar vegna uppgufunar út frá gólfhita) þar sem áburðurinn ásamt undirburði mjög þurr þegar húsin eru mokuð skv. greinargerð matsskyldufyrirspurnar (bls. 6). Fram kemur í greinargerð að búast megi við lyktarmengun í skamman tíma þegar hæsnaskít er dreift. Fram kemur að gólf eldishúsa verða upphituð og þakin spæni þannig að úrgangur verður þurrari og lyktarminni en ella. Vegna magns uppgufunar af ammoníaki (NH₃) í eldishúsum á eldistíma auk dreifingar búfjáraður á nærliggjandi landsvæði er líklegt að starfsemi muni fylgja nokkur lykt. Hafa ber í huga að upptök lyktarmengunar stafar ekki eingöngu frá eldishúsum. Við dreifingu búfjáraður skal einnig varast rykmyndun svo loftgæðum sé haldið við viðunnandi mörk. Skv. BAT er viðmið ammoníaks útblásturs 0,01-0,08 kg

NH₃/fuglastæði/ár (tafla 3.2, 2017) . Það gerir hámarks NH₃ útblástur frá öllum eldishúsum Jarlsstaða 4.800 kg á ári ef miðað er við fulla nýtingu 60.000 stæði (0,08 kg/fuglastæði/ár * 60.000 stæði = 4.800 kg).

Skv. reglugerð nr. 520/2015 um eldihús alifugla, loðdýra og svína má lágmarksfjarlægð að mannbústöðum, útivistarsvæðum, vinnustöðum eða svæðum sem hafa verið afmörkuð fyrir framangreinda notkun í aðalskipulagi eða með byggingarreitum í deiliskipulagi ekki vera minni en 50 m fyrir bú ætluð fyrir 40.000 til 85.000 stæði fyrir kjúklinga. Í reglugerð nr. 518/2015, um hollustuhætti segir: „*Hæfileg fjarlægð skal vera á milli mannbústaða og matvælafyrirtækja annars vegar og mengandi atvinnustarfsemi og annarri starfsemi sem valdið getur óþægindum hins vegar. Þar sem kveðið er á um fjarlægðarmörk í öðrum reglugerðum eða í skipulagi skal taka tillit til þeirra marka*“. Skv. deiliskipulagi eru deiliskipulagsmörk kjúklingabúsins að Jarlstöðum í 899 m fjarlægð frá næstu skipulögðu starfsemi (F65) og minnst 1.643 m fjarlægð frá mörkum næstu vatnsverndarsvæða til austurs.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að í greinargerð matsskyldufyrirspurnar kemur fram að mörk fyrirhugaðs byggingarreits frístundalóða í landi Stóru Valla eru í ríflega 300 m fjarlægð frá jarðarmörkum Jarlsstaða þar sem næst er, en samkvæmt Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010 – 2022 eru meira en 500 m í næstu skipulögðu svæði fyrir frístundabyggð (bls. 6).

- **Skipulag og sjónræn áhrif**

Í aðalskipulagi Rangárþings Ytra 2010-2022 er jörðin skilgreind sem landbúnaðarsvæði. Tillaga að deiliskipulagi var samþykkt skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 í skipulagsnefnd Rangárþings ytra þann 10. 10. 2016 og í sveitarstjórn þann 12. 10. 2016. Með tilliti til landnotkunar, núverandi ásýnd svæðis metur Umhverfisstofnun áhrif sjónmengunar af starfseminni óveruleg.

Niðurstaða

Helstu mengunarvaldar við alifuglabú að Jarlstöðum er lyktarmengun og útskolun næringarefna með tilheyrandi grunnvatnsmengun.

Lyktarmengun frá kjúklingabúinu að Jarlstöðum er ein helsti umhverfisþáttur rekstursins sem kemur til með að hafa mest áhrif á nærliggjandi svæði að mati Umhverfisstofnunar. Aðferðir til að takmarka lyktarmengun verða í starfsleyfi starfseminnar í samræmi við BAT (2017) þauleldis kjúklinga til að lágmarka umhverfisáhrif og óþægindi fyrir næstu nágretta.

Þar sem úrgangi fuglanna er dreift á land til uppgræðslu er mikilvægt að magn næringaefna í búfjáraður sé í samræmi við starfsreglur um góða búskaparhætti við dreifingu á þesskonar land. Umhverfisstofnun telur að starfsemin og dreifing búfjáraðrúna alifuglabúsins sé ekki líkleg til að hafa umtalsvert neikvæð áhrif á grunnvatn eða aðra umhverfisþætti í för með sér.